



15. september 2021  
Tilv.: 2107058

Dreifibréf númer: 52/2021

Til fjármálafyrirtækja, rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, kauphalla, skipulagðra tilboðsmarkaða og verðbréfamiðstöðva

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um útvistun til skýjaþjónustuaðila

Þann 10. maí 2021 gaf ESMA út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um útvistun til skýjaþjónustuaðila (ESMA50-164-4285 Guidelines on Outsourcing to Cloud Service Providers).

Viðmiðunarreglurnar ná til rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, vörsluaðila sjóða, fjármálafyrirtækja þegar þau sinna fjárfestingarþjónustu, rekstraraðila markaða (e. market operators of trading venues) og verðbréfamiðstöðva (e. central securities depositories (CSDs)). Viðmiðunarreglurnar innihalda viðmið fyrir stjórnendur viðkomandi eftirlitsskyldra aðila sem útvista starfsemi sinni til aðila sem reiða sig á skýjaþjónustu eða veita þjónustur sem að einhverju leyti byggja á skýjaþjónustum. Viðmiðunarreglurnar gera auknar kröfur til fyrirkomulags útvistunar Viðmiðunarreglurnar ná yfir stefnu um útvistun, skráningar og skjalfestingar á útvistun, undirbúnings og áhættumats á útvistun, innihalds samninga um útvistun, upplýsingaöryggi í útvistaðri starfsemi sem og umgjörð og ábyrgð vegna umsjónar og eftirlits með útvistunarsamningum. Rétt er að taka fram að nú þegar eru í gildi viðmiðunarreglur EBA um útvistun á bankamarkaði (EBA/GL/2019/02 EBA Guidelines on outsourcing arrangements). Þær reglur virðast leggja sambærilegar kröfur á aðila hvað skýjaþjónustu varðar.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma\\_cloud\\_guidelines.pdf](https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/esma_cloud_guidelines.pdf)

Viðmiðunarreglurnar útfæra m.a. nánar ákvæði AIFMD, UCITS og MiFID II tilskipananna og CSDR reglugerðarinnar. AIFMD tilskipunin var innleidd með lögum nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, UCITS tilskipunin lögum um verðbréfasjóðinr. 116/2021, MiFID II tilskipunin með lögum nr. 115/2021 og CSDR reglugerðin með lögum nr. 7/2020 um verðbréfamiðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitsskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabanka Íslands ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is


(fjármálaeftirlitið) mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsfrankvæmd.

Fjármálaeftirlitið beinir því til viðkomandi eftirlitsskyldra aðila að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á. Bent er á að eftirlitsskyldir aðilar skulu tryggja að nýir útvistunarsamningar vegna skýjaþjónustu uppfylli kröfur viðmiðunarreglnanna. Einnig skal við endurnýjun samninga vegna skýjaþjónustu tryggja að tekið sé tillit til krafna í viðmiðunarreglunum. Þá er bent á að eftirlitsskyldir aðilar skulu yfirfara og aðlaga gildandi útvistunarsamninga að viðmiðunarreglunum fyrir 31. desember 2022.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit



Páll Friðriksson

frankvæmdastjóri

markaðir og viðskiptahættir



Aðalsteinn Eymundsson

forstöðumaður

markaðir og viðskiptahættir